

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur nr. 1063/2009, með síðari breytingum.

Samkvæmt lögum um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur nr. 13/2005, reglugerð um Orkuveitu Húsavíkur ohf., nr. 1227/2012 og orkulögum, nr. 58/1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, er taka á gildi 1. ágúst 2020.

5. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

HÚSAVÍK OG REYKJAHVERFI

Heitt vatn, almenn notkun¹

Gjaldflokkur	Hitastig	Verð án vsk. kr.	2% skattur kr.	Samtals með 11% vsk.
H50	70,0°C – 80,0°C	122,94	2,46	139,19 kr./m ³
H51	65,0°C – 69,9°C	98,35	1,97	111,35 kr./m ³
H52	60,0°C – 64,9°C	86,06	1,72	97,44 kr./m ³
H53	55,0°C – 59,9°C	81,14	1,62	91,87 kr./m ³
H54	50,0°C – 54,9°C	61,47	1,23	69,60 kr./m ³
H55	15,0°C – 49,9°C	36,88	0,74	41,75 kr./m ³
HU ²	40,0°C – 50,0°C	59,14	1,18	60,32 kr./m ³

Heitt vatn, fast gjald³

Gjaldflokkur	Stærð mælis	Verð án vsk. kr.	2% skattur kr.	Samtals með 11% vsk.
Fast verð	15 – 20 mm	17.873	357,50	20.236 kr./ár
Fast verð	25 – 50 mm	62.567	1.251,30	70.838 kr./ár
Fast verð	65 mm og stærri	114.960	2.299,20	130.158 kr./ár

ADALDALUR OG KINN

Heitt vatn, almenn notkun¹

Gjaldflokkur	Hitastig	Verð án vsk. kr.	2% skattur kr.	Samtals með 11% vsk.
H61	65,0°C – 80,0°C	147,06	2,94	166,50 kr./m ³
H62	60,0°C – 64,9°C	117,64	2,35	133,19 kr./m ³
H63	55,0°C – 59,9°C	99,87	2,00	113,07 kr./m ³
H64	50,0°C – 54,9°C	74,20	1,48	84,01 kr./m ³
H65	45,0°C – 49,9°C	59,36	1,19	67,20 kr./m ³
H66	15,0°C – 44,9°C	47,22	0,94	53,46 kr./m ³

Heitt vatn, fast gjald³

Gjaldflokkur	Stærð mælis	Verð án vsk. kr.	2% skattur kr.	Samtals með 11% vsk.
Fast verð	15 – 20 mm	23.203	464,10	26.270 kr./ár
Fast verð	25 – 50 mm	82.359	1.647,20	93.247 kr./ár
Fast verð	65 mm og stærri	147.686	2.953,70	167.210 kr./ár

¹ Almenn notkun miðast við gjald pr. m³

² HU = heitt vatn til upphitunar á gervigrasvelli

³ Fast gjald miðast við stærð mælis og er óháð notkun

Heitt vatn, annað.

Grunnverð fyrir sumarhús, frístundahús, verbúðir, gripahús og sambærileg hús er fast gjald og tekur gjaldið mið af stærð mælis, en minnsta gjaldfærða notkun á heitu vatni til slíkra eigna er 350 m³/ár.

Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu.

Greiða skal í ríkissjóð 2% umhverfis- og auðlindaskatt af heitu vatni.

Virðisaukaskattur er 11% af vatni til húshitunar. Mæld snjóbræðsla og vatn til iðnaðarnota ber 24% vsk.

Heimlögn fyrir heitt vatn á veitusvæðinu.

11% virðisaukaskattur reiknast á heimæðargjöld fyrir heimæðar til húshitunar, en 24% á heimæðargjöld til annarra nota.

<i>M.v. stál</i>	<i>M.v. PEX</i>	<i>Án vsk. kr.</i>	<i>Með 11% vsk. kr.</i>
DN15	20 mm	356.999	396.269
DN20	25 mm	419.437	465.575
DN25	32 mm	485.882	539.329
DN32	40 mm	574.272	637.442
DN40	50 mm	663.841	736.864
<i>Breyting á heimlögn</i>		<i>Raunkostnaður</i>	

Greitt er 2% lengdargjald fyrir hvern metra heimlagningar umfram 20 m.

Heitt vatn, iðnaðarvatn.

Stærri notendur geta sótt um að kaupa heitt vatn á 75% af verði verðskrár, þar sem heitt vatn er notað sem beinn framleiðsluþáttur í atvinnustarfsemi notanda.

Stórnotandi er sá sem notar meira en 100.000 m³ af heitu vatni árlega.

Annað, varðandi veitusvæði Orkuveitu Húsavíkur.

Virðisaukaskattur á þjónustugjöld er 0%, 11% eða 24% og ákvarðast af vsk hlutfalli viðkomandi veitutaxta.

	<i>Verð án vsk. kr.</i>	<i>11% vsk. kr.</i>	<i>24% vsk. kr.</i>
Ídráttarrör vantar eða ónothæft ¹	9.236 pr. m	10.252 pr. m	11.453 pr. m
Frostalag vegna heimlagningar ²	2.772 pr. m	3.076 pr. m	3.437 pr. m
Álestur ³	1.457 pr. sk.	1.617 pr. sk.	1.806 pr. sk.
Lokun (vegna vanskila) ⁴	4.808 pr. sk.	5.337 pr. sk.	5.962 pr. sk.
Innheimtugjald ⁵	260 pr. sk.	289 pr. sk.	323 pr. sk.

¹ Heimlagningar fyrir bæði heitt og kalt vatn skulu lagðar í ídráttarrör frá lóðarmörkum að húsvegg. Vanti ídráttarrör eða að ídráttarrör reynist ónothæf, greiðist aukagjald skv. samþykktari gjaldskrá OH.

² Óski eigandi húsveitu eftir að heimlögn sé lögð þegar frost er í jörðu, er heimilt að innheimta aukagjald skv. samþykktari gjaldskrá OH.

³ Viðskiptavinir sem sjálfir lesa af mælum og færa mælastöður inn á þar til gert svæði á „mínum síðum“ OH, greiða ekki fyrir mælaálestur. Starfsmenn OH þurfa þó skv. reglugerð þar um að lesa af og staðfesta mælastöður á 5 ára fresti.

⁴ Sé um vanskil að ræða sem kreffast þess að senda þarf lokunarmann á staðinn.

⁵ Þeir viðskiptavinir sem nota boðgreiðslur eða beingreiðslur greiða ekki innheimtugjald og fá ekki senda innheimtuseðla, en geta nálgast þá í heimabanka eða á „mínum síðum“ OH.

Almennar skýringar.

Greiða skal fyrir hverja heimlögn sem tengir húsveitu við dreifikerfi OH og skal greitt þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá OH. Afstöðumynd er sýnir allar lagnir skal fylgja umsókn.

Verðskrá miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagningar hafi verið lögð á frostfríu dýpi, frá tengistað OH við lóðarmörk að inntaksstað mannvirkis og að frágangur hafi verið tekinn út og samþykktur af OH.

Rörastærðir ídráttarröra sem lagðar eru að lóðarmörkum skulu vera:

<i>Sverleiki ídráttarröra fyrir hitaveitulögn</i>	<i>Heimlögn</i>	<i>Ídráttarrör</i>
	DN15	110 mm
	DN20	110 mm
	DN25	125 mm

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægða eða annarra aðstæðna, að kostnaður við heimlögn verði meira en 50% hærri en gildandi verðskrá segir til um, skal notandi greiða þann kostnað sem er umfram 50% skv. nánari ákvörðun OH.

Þegar heimlögn er stækkuð, skal greiða fullt verð fyrir hina nýju heimlögn að frádregnu hálfu gjaldi eldri heimlagningar, hvort tveggja miðað við gildandi verðskrá þegar breytingin fer fram.

Heimilt er þó að lækka verðið, eða fella niður þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati OH.

Húseigandi/notandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans og greiðir fyrir þær til samkvæmt kostnaði.

Sé óskað eftir aukamæli á heimplögn, skal staðsetja mælinn í sama rými og aðalmæli og sem næst inntaksstað.

Óski notandi eftir stærri heimplögn en getið er í verðskrá skal gerður um það sérstakur samningur.

Þar sem heimlagnir fyrir heitt og kalt vatn koma inn í fasteign, skal vera niðurfall.

Gjalddagi reikninga er 15. hvers mánaðar og eindagi 1. næsta mánaðar.

Dráttarvextir reiknast eftir eindaga, frá gjalddaga.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. júlí 2020.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Hreinn Hrafnkelsson.